

Sameiginlegur fundur Beta- og Zetadeilda laugardaginn 4. október 2008

Fundarstaður: Sel-hótel Mývatni

- Dagskrá:
1. Setning fundar .
 2. Orð til umhugsunar.
 3. Hádegisverður með spjalli og léttu gamni.
 4. Gönguferð í Skútustaðagíga
 5. Fuglasafn Sigurgeirs skoðað
 6. Síðdegishressing í fuglasafni fyrir heimferð.

Lagt var af stað sem leið liggur austur í Mývatnssveit með rútu frá SBA kl. 10:30 frá bílastæði HA við Þingvallastræti. Veður var hið besta þrátt fyrir snjómuggu deginum áður. Margrét Kristín Jónsdóttir fræddi okkur um það markverðasta sem fyrir augu bar á leiðinni og var skemmtilegt á að hlýða. Í Sel-hótel vorum við komnar rúmlega 11:30 og tóku þær Hanna og Guðrún á móti okkur þar. Zeta-konur voru ekki komnar en þær birtust rúmlega 12 og var þá gengið til dagskrár eftir að konur höfðu skipað sér til borðs með því að para saman fyrri- og seinniparta á málsháttum.

1. Eygló, setti fundinn á hefðbundinn hátt og bauð konur velkomnar.
2. Orð til umhugsunar. Anna Þóra Baldursdóttir landssambandsforseti sagði frá því helsta sem er á döfinni í starfi landssambandsins þetta starfsár. Einnig rakti hún í stuttu máli ferð sína og sjö annarra DKG systra til Chicago í sumar á þing alþjóðasambandsins.
3. Að því loknu var gengið til hádegisverðar og notuðu konur tækifærið og mynduðu vinatengsl við Zeta-systur undir borðum. Kom í ljós að ýmsar tengingar voru milli kvenna frá fornu fari. Höfðu konur ýmist verið saman í námi á árum áður eða unnið saman. Má segja að þarna hafi gömul kynni verið endurnýjuð. Zeta-systur stóðu fyrir skemmtilegum orðaleik undir borðum sem við allar tókum þátt í.
4. Farið var í léttan göngutúr um Skútustaðagíga að loknum hádegisverði og enn á ný var það Margrét Kristín sem sá um að fræða okkur um það helsta sem fyrir augu bar á leiðinni. Ekki amalegt að eiga svona konu í okkar hóp og eru henni færðar bestu þakkir fyrir.
5. Að gönguferð lokinni var keyrt yfir í Ytri-Neslönd þar Fuglasafn Sigurgeirs var nýlega opnað almenningi. Vel var tekið á móti okkur þar og er skemmst frá því að segja að safnið er allt hið glæsilegasta og vel þess virði að eyða þar stund.
6. Ferðinni í safnið lauk með því að þegnar voru veitingar í safninu; rúgbrauð með reyktum silungi og vöflur með rjóma. Að borðhaldi loknu var komið að kveðjustund og héldu báðir hópar af stað heim eftir viðburðaríkan og ánægjulegan dag. Yfir kaffinu kom upp sú hugmynd að deildirnar myndu gera það að árvissum viðburði að hittast og var stungið upp á að lokafundur deildanna yrði haldinn sameiginlegur í framtíðinni.

Fundi slitið.

Eygló Björnsdóttir